

## Foreldrafundur að hausti veturinn 2020 - 2021

### Kennsluáætlun

#### Íslenska

- Við erum allan veturinn að læra ný lög og texta
- Unnið er markvisst með málörvun, ýmis hugtök og orð kennd
- Vinnubók Ritrún 1
- Lesrún
- Ljósrituð hefti
- Unnið verður í skrift jafnt og þétt yfir veturinn Skrift 2

#### Stærðfærði

- Unnið með hugtök og reikniaðferðir tengd stærðfræði
- Sproti nemendahefti 2a
- Sproti æfingahefti 2 a
- Stærðfræði spæjararnir 1
- Sproti nemendahefti 2 b
- Sproti æfingahefti 2b
- Ljósrituð verkefni

#### Heimanám

Lestur daglega annarsvegar í sameiginlegri lestrarbók og hinsvegar í aukabók hvort sem hún er fengin í skólanum eða heima. Stundum eru vinnubækur með lestrarbókunum. Síða á að skrifa 5 - 7 orð í orðabók úr textanum sem lesinn var í stílabók. Stundum verður síðan skrift og stærðfærði verkefni.

**Í átthagafræði eru þetta áætluð verkefni vetrarins.**

Tímasetningar geta breyst.

(Sumt verður samþætt við íslensku og stærðfræði)

- Hugarfrelsi - slökun - öndunaræfingar - hugleiðsla - jóga
- Berjaferð Krækiberjalyng og bláberjalyng - ágúst
- Líkaminn - september - október
- Barnasáttmálinn október - nóvember
- Trúarbragðafræði - nóvember
- 1. des forsetarnir okkar - jólaföndur og rólegheit - desember
- Hringrásir komdu og skoðaðu, - janúar
- Íslenskir þjóðhættir - komdu og skoðaðu
- Veður
- Frá fræi að blómi - febrúar eða maí
- Störf - mars
- Byggingar apríl
- Vilt dýr og fuglar- maí - Húsdýragarðinn
- - júní
- Kristín Helga Gunnarsdóttir - rithöfundur
- Guðrún Helgadóttir
- Tilraunir - vatn -
- Komdu og skoðaðu - bækur sem við stefnum á að nýta  
Íslenskir þjóðhættir  
Skoðaðu og hluti  
Umhverfið  
Hringrásir  
Líkamann
- Barnasáttmálinn
- Einkunnarorð skólans 6 og 7 ára - Háttvísi - maí

## Aðrar greinar

- Enska einn tími á viku allur bekkurinn.
- Tölvur og tónmennt bekkjunum skipt í tvo hópa.
- Þau fara tvisvar í viku í leikfimi. Annað skiptið er helmingurinn af bekknum og hinn helmingurinn er í spænsku. Hitt skiptið er allur bekkurinn saman.
- Heimilisfræðin verður kennd í lotum úti í smiðju. 5 skipti í röð helmingurinn af bekknum í einu.
- Sundið er einu sinni í viku
- Dans 5 skipti á önn
- Myndmennt og handmennt eru í smiðju. Hópunum er skipt þannig að helmingurinn af bekknum er fyrir áramót og hinn eftir áramót annaðhvort í myndmenntinni eða handmenntinni.

## Ýmislegt

### Póstur

Við munum senda pósta vikulega með upplýsingum verkefni vikunnar í gegnum tölvupóstinn í mentor.

Við biðjum ykkur að **fylgjast vel með tölvupóstinum.**

### Skóladagatal

Endilega munið að skrá aðalatriðin í skóladagatalinu í dagbækurnar ykkar t.d. starfsdaga, en það er hægt að nálgast skóladagatalið á netinu.

[https://www.isaksskoli.is/wp-content/uploads/2020/06/sij\\_skoladagatal\\_2020-21.pdf](https://www.isaksskoli.is/wp-content/uploads/2020/06/sij_skoladagatal_2020-21.pdf)

## Afmæli hjá nemendum

Við mælum með að annað hvort bara stelpum eða bara strákuð sé boðið í afmæli eða öllum bekknum.

Það er hægt að senda boðskortin með tölvupósti eða foreldrar hringja út.

## Bekkjarfulltrúar

Kæru foreldrar það sem snýr að ykkur er að við þurfum að hafa tvo bekkjarfulltrúa í bekkjunum okkar

(Kannski einn frá hvoru kyni nemenda)

Hverjir bjóða sig fram? 7 ára BVK er kominn með tvo fulltrúa.

<https://www.isaksskoli.is/foreldrar/bekkjarfulltruar/>

## Að mæta stundvíslega

Dagurinn byrjar alltaf á kveikju með það viðfangsefni sem skipulagt er fyrir daginn eða söng.

Við skráum mætingar nemenda inná mentor.is En munið að þið getið skráð þar sjálf. Ef nemandi mætir of seint er það skráð inná mentor.is

## Veikindi eða leyfi

Ef nemandi er veikur eða þarf að taka leyfi þarf að skrá það á mentor.is. Það má einnig hringja í skólann og láta vita.

Ef planið er að taka leyfi sem er lengra en tveir dagar þarf að sækja um leyfið sérstaklega á þar til gert eyðublað til skólastjóra.

## Hvöld

Foreldrar þurfa að huga vel að því að nemendur séu **nægilega hvíldir**. Forgangsráða hvað er mikilvægast fyrir barnið.

## Næring

Að nemendur mæti **ekki svangir** í skólann.

Þau koma með kalt vatn á brúsa, ávaxtabita til að næra sig að morgninum. Vinsamlegast útbúið ávextina eða grænmetið þannig að barnið eigi auðvelt með að nálgast það. t.d. skera appelsínur í báta.

Síðdegishressingin - samloka eða annað sjá hugmyndir að nesti á þessari slóð <https://www.isaksskoli.is/skolanesti/>

## Fatnaður

Þau þurfa alltaf að hafa **viðeigandi hlífðarfatnað** með í skólann. Við förum út hvort sem það er rigning eða snjór.

Það þarf að merkja fötin. Ef þau tapast er hægt að leita að fötunum í körfu á göngunum.

Það er oft mikið af fötum í óskilamunum. Óskilamunir fara í Rauðakrossinn eftir ákveðinn tíma að vori.

Munið að huga að **auka fatnaði** buxum, nærbuxum, sokkum, sokkabuxum, nærbol og bol eða peysu. Gott að setja fötin í skólatöskuna eða fatapoka sem þau setja síðan á snagann sinn á ganginum.

Munið að kanna hvort eitthvað vanti af aukafatnaði svo nemendur lendi ekki vandræðum ef þeir blotna.

## **Íþróttaskór**

Tátíljur, það þarf að merkja þær innan í eða á botninn. Þær eru í skólanum allan veturinn og fara heim við skólaslit að sumri.

## **Viðtalstímar**

Ef það er eitthvað sem þið þurfið að **ræða um**, þá endilega sendið þið póst (hringja ef það er alvarlegt) og við vinnum með málið í sameiningu.

**7 ára bekkirnir 2020 - 2021**

**Lilla, Magga og Salóme.**